



# Könnun meðal íbúa að Elliðabraut ELLA

Janúar 2023

Teymi árangurs- og gæðamats

# ELLA

- Á árunum 2020 til 2021 var 14 ungum einstæðum mæðrum á aldrinum 18-29 ára úthlutað félagslegu leiguhúsnæði að Elliðabraut í Norðlingaholti. Húsnæðinu var úthlutað sem áfangahúsnæði sbr. 2. gr. og 7. mgr. 19. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.
- Áhersla var lögð á að mæðurnar væru virkir þátttakendur í samfélaginu og þeim boðið upp á fræðslu, stuðning og ráðgjöf til að ná markmiðum sínum með gerð einstaklingsáætlunar. Unnið yrði eftir hugmyndafræði áfangaheimilanna, þ.e. mikil þjónusta í stuttan tíma.
- Tilgangur verkefnisins var fyrst og fremst að veita konunum stuðning og stuðla að aukinni virkni og þátttöku þeirra í samfélaginu. Það var gert með að úthluta þeim húsnæði, öryggi og félagslegan stuðning og ráðgjöf á vettvangi. Áætlaður ávinningur af verkefninu var meðal annars aukin lífsgæði kvennanna og fjölskyldna þeirra.
- Fyrir lá að taka út ELLU verkefnið eftir tveggja ára reynslutíma þar sem um tilraunarverkefni er að ræða.


# Framkvæmd könnunarinnar

Könnunin var framkvæmd af teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði.

Í janúar 2021 hringdi starfsmaður í teymi árangurs- og gæðamats í þær tíu konur sem bjuggu þá að Elliðabraut. Þær höfðu búið að Elliðabraut frá nóvember og desember 2020. Allar konurnar voru tilbúnar að taka þátt í könnuninni. Fjórar konur til viðbótar sem fluttu inn að Elliðabraut á árinu 2021 svöruðu könnuninni stuttu eftir að þær fluttu inn.

Seinni könnunin var lögð fyrir konurnar um það bil ári seinna. Af þeim 14 sem svöruðu fyrri spurningalistanum, svöruðu 13 þeim seinni. Um var að ræða símakönnun.


Fjöldi þátttakenda



## Fyrri könnun: Telur þú að búseta að Elliðabraut muni veita þér ....


### Seinni könnun: Hefur búseta að Elliðabraut veitt þér....

#### Betra aðgengi að félagsráðgjafa




● Við upphaf búsetu ● Eftir árs búsetu

#### Betra aðgengi að uppeldisráðgjafa




● Við upphaf búsetu ● Eftir árs búsetu

#### Meiri almennan stuðning vegna barns/barna



● Við upphaf búsetu ● Eftir árs búsetu

#### Meiri stuðning við þig




● Við upphaf búsetu ● Eftir árs búsetu


## Fyrri könnun: Telur þú að búseta að Elliðabraut muni veita þér ....

### Seinni könnun: Hefur búseta að Elliðabraut veitt þér...


Aukinn stuðning til að komast í nám/haldast í námi




Aukinn stuðning til að komast á atvinnumarkað/haldast í atvinnu




Aukinn stuðning til að halda heimili



Aukna hvatningu við að sinna líkamlegri hreyfingu



# Virkni



## *Fyrri könnun:*

Við upphaf búsetu að Elliðabraut sögðu 13 af 14 svarendum að þeir væru tilbúnir í virkni og væru jafnvel byrjaðir í einhverri virkni:

- Vinnu (1)
- Nám (4)
- Endurhæfingu (11)

Sú sem sagðist ekki vera tilbúin í virkni var í fæðingarorlofi.


## *Seinni könnun:*

Eftir árs búsetu að Elliðabraut sögðu 10 svarendur að þeir væru í virkni. Þrír sögðust ekki vera í neinni virkni.


Þeir sem voru í virkni voru flestir í einhverskonar endurhæfingarúrræði:

- Vinnu (2)
- Nám (4)
- Endurhæfingu (7)

**Fyrri könnun: Sérð þú fyrir þér að nýta eftirfarandi þjónstu uppeldisráðgjafa ....**  
**Seinni könnun: Hefur þú nýtt þér eftirfarandi þjónustu uppeldisráðgjafa....**



*Fyrri könnun: Sérð þú fyrir þér að nýta eftirfarandi þjónstu uppeldisráðgjafa ....*  
*Seinni könnun: Hefur þú nýtt þér eftirfarandi þjónsutu uppeldisráðgjafa ....*




\*Ekki var spurt að þessu í fyrri könnuninni




# Stuðningur í foreldrahlutverkinu

Eftir árs búsetu að Elliðabraut voru mæðurnar spurðar að því hvort búseta að Elliðabraut hefði stutt þær í foreldrahlutverkinu.



Eftir árs búsetu að Elliðabraut voru mæðurnar spurðir að því hvort búseta að Elliðabraut hefði auðveldað þeim aðgengi að stuðningi og/eða þjónustu fyrir barnið/börnin þeirra.



Aðspurðar hvort þær gætu gefið dæmi um stuðning sögðu þær eftirfarandi:

"..eru til staðar, get leitað til þeirra og þær svara fljótt. Gott að hafa þær."

"...styðja mann í öllu, samtal, skilningur og stuðningur og tóku vel utan um mig."

"Auðvelt að leita til ráðgjafanna."

"Peppa mann í foreldrahlutverkinu."

"...grunar að barnið sé með greiningar og rúttínan er mjög góð."


"Mjög gott að búa með öðrum mæðrum, gott umhverfi fyrir börn."

"Mikið öruggari. Búnað að vera mikill stuðningur við mig með ýmislegt sem ég þekkti ekki- eins og að sækja um leikskólaláss."

"Verið til staðar - gefið ráð."

# Staðsetning ráðgjafarinnar


## Félagsráðgjöf



Viðmælendur voru spurðir að því við upphaf búsetu að Elliðabraut hvort þeim fyndist betra að hitta félagsráðgjafann eða uppeldisráðgjafann heima hjá sér eða á skrifstofu ráðgjafanna að Elliðabraut.

Eftir árs búsetu voru viðmælendur spurðir að því hvar þeim hefði þótt best að hitta ráðgjafann sinn.

## Uppeldisráðgjöf



# Aðrir ráðgjafar að Elliðabraut

Viðmælendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu, eftir árs búsetu að Elliðabraut, leitað til annarra starfsmanna að Elliðabraut, sem dæmi stuðningsfulltrúa.

Fimm viðmælendur sögðust ekki hafa leitað til annarra starfsmanna í húsinu.


Þrjú viðmælendur höfðu leitað til þeirra vegna eftirfarandi:

- Læst sig úti
- Leitað aðstoðar vegna annars íbúa
- Fengið aðstoð næturvaktarinnar

Fimm viðmælendur sögðu að þeir gætu alveg hugsað sér að leita til þeirra en hefðu enn sem komið er ekki gert það.

**Fyrri könnun:** Sérðu fyrir þér samskipti og/eða stuðning á milli þín og annarra íbúa að Elliðabraut er varðar ....


**Seinni könnun:** Hefur átt sér stað eftirfarandi samskipti og/eða stuðningur á milli þín og annarra íbúa að Elliðabraut er varðar....



Af þeim ellefu viðmælendum sem sögðu að einhver stuðningur hefði átt sér stað á síðastliðnu ári, sögðu allar að um hefði verið að ræða stuðning frá öðrum konum í Ellu úrræðinu.

Tveir viðmælendur sögðu engan stuðning hafa fengið né átt í samskiptum við aðra íbúa að Elliðabraut.


Hversu miklu / litlu máli hefur stuðningurinn /samskiptin skipt viðmælendum?\*



\*Ekki var spurt að þessu í fyrri könnuninni

# Ánægja með íbúðina og hverfið

Ánægja með íbúðina\*



\*Aðeins var spurt að þessu við upphaf búsetu

## Jákvæðar athugasemdir er varðar íbúðina

Hentug stærð að íbúð (6)

Rúmgóð (5)

Ný íbúð (2)

Vel skipulögð (2)

Björt

Svalir

Fallegt útlit

## Neikvæðar athugasemdir er varðar íbúðina


Of fá herbergi (2)

Lítið skáapláss

Útihurð skellist

Dýr leiga

Ánægja með hverfið og staðsetninguna



● Við upphaf búsetu ● Eftir árs búsetu

## Jákvæðar athugasemdir er varðar hverfið við upphaf búsetu

Stutt í náttúruna (6)

Fjölskyldu- og barnvænt hverfi (5)

Stutt í leikskóla og grunnskóla (5)

Góðar gönguleiðir (3)

Kyrrð (3)

Ættingjar í nágrenninu (2)

Vinalegt fólk

## Neikvæðar athugasemdir er varðar hverfið við upphaf búsetu

Skortur á matvöruverslunum (5)

Engin gangbraut

## Jákvæðar athugasemdir er varðar hverfið eftir árs búsetu

Fjölskyldu- og barnvænt hverfi (6)

Stutt í náttúruna (2)

Stutt í leikskóla og grunnskóla (2)

Kyrrð

## Neikvæðar athugasemdir er varðar hverfið við eftir árs búsetu

Skortur á matvöruverslunum (3)

Langar að færa sig um hverfi (2)


Erfitt aðgengi að leikskólanum í snjó

Ekki fjölskylduvænt hverfi

Of há leiga fyrir hverfið

*Fyrri könnun:* Finnst þér mikilvægt að það séu húsreglur að Elliðabraut?

*Seinni könnun:* Er farið eftir húsreglunum að Elliðabraut?



*Fyrri könnun:*

Aðspurð hvaða reglur þeim fyndist mikilvægastar sögðu flestir viðmælendur reglur vegna hávaða og umgengni á kvöldin/nætturnar og umgengni í sameiginlegu rými.

*Seinni könnun:*


Tvær sögðu að ekki væri farið eftir húsreglum að Elliðabraut:

"Partýstand og læti hjá ákveðnum einstaklingum í húsinu."

"Læti frá hundi."

# Öryggi að Elliðabraut

Upplifir þú þig eða börnin þín örugg að Elliðabraut\*/\*\*



\*Aðeins spurt að þessu eftir árs búsetu

\*\*Hér var ekki verið að tala um öruggt húsnæði, heldur hvort það væri eitthvað í umhverfinu eða einhverskonar utanaðkomandi ógn sem gerir það að verkum að viðkomandi upplifir sig ekki örugga

Þær tvær sem upplifðu sig ekki örugga að Elliðabraut sögðu eftirfarandi:

- Það er verið að vinna í húsinu við hliðina sem skapar hættu.
- Það vantar gangbraut við húsið, en það er stór umferðargata beint fyrir framan húsið.
- Einstaklingar úr fortíðinni eru að selja nálægt húsinu. Hrædd um að þeir sjái hana og komist að því hvar hún býr.


# Gagnsemi ráðgjafarinnar

Hversu gagnleg / ógagnleg hefur félagslega ráðgjöfin sem veitt er að Elliðabraut verið fyrir þig?\*



\*Aðeins var spurt að þessu eftir árs búsetu að Elliðabraut

Hversu gagnleg / ógagnleg hefur uppeldisráðgjöfin sem veitt er að Elliðabraut verið fyrir þig?\*



\*Aðeins var spurt að þessu eftir árs búsetu að Elliðabraut



# Hvað tekur við eftir að búsetu að Elliðabraut lýkur?

## Við upphaf búsetu að Elliðabraut svöruðu viðmælendur eftirfarandi:

- Ekki búin að hugsa svo langt fram í tímann (4)
- Komin í annað leiguhúsnæði (2)
- Komin í mitt eigið húsnæði eða farin að safna fyrir því (2)
- Komin á vinnumarkað (2)
- Komin í nám (2)

## Annað sem fram kom í samtali við viðmælendur:

„Á meðan ég er einstæð vil ég vera hér.“

"Vonandi komin í skóla. Góð og örugg mamma."

„Vil vera betur stödd í lífinu andlega þegar ég flyt hédan.“


„Búin að vinna í sjálfum mér- geti sinnt barninu mínu.“

Einn viðmælandi sagðist ekki hafa vitað að búseta væri bara til 3 ára. Hún var ósátt við að hafa ekki vitað það.

## Eftir árs búsetu að Elliðabraut svöruðu viðmælendur eftirfarandi:

- Komin í annað leiguhúsnæði (4)
- Komin í mitt eigið húsnæði eða farin að safna fyrir því (3)
- Komin á vinnumarkað (2)
- Klára nám
- Ekkert sérstakt

## Hvað sérðu fyrir þér að búa lengi að Elliðabraut?



## Fyrri könnun: Hvaða þýðingu hefur það haft fyrir þig að komast í búsetu að Elliðabraut?

”

„Mjög mikla þýðingu - barnið mitt fékk sér herbergi“.

„Gott að vera ekki lengur inn á öðrum með lítið barn - hef flakkað mikið á milli fegin að vera komin með mitt eigið.“

„Fjarhagslega léttari byrði. Öruggari með stöðugt húsnæði og ánægð með að geta leitað til félagsráðgjafa í húsinu ef þörf er á.“

„Gott að vera ekki lengur inn á foreldrum mínum, gott að búa með öðrum einstæðum mæðrum. Verður gaman að kynnast þeim.“

”

”

„Gott að komast í eigin húsnæði, frelsi að vera úr foreldrahúsum og gaman að búa sitt eigið fallega heimili.“

„Bjó þröngt áður með öðrum, gott að vera í eigin íbúð með eigin reglur.“

"Mjög gott að geta fengið stuðning með fyrsta barn og geta gert þetta rétt. Er ekki með mikinn annan stuðning."

"Vantaði mjög mikið íbúð."

”

# Seinni könnun: Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri er varðar búsetu þína að Elliðabraut?

”

„Ekki taka okkur sem eitt- allar sitthvorar manneskjunar. Ekki sömu reglur fyrir allar. Erum misjafnar.“

"Svolítið partýstand- ekkert of mikið. Vakti barnið einu sinni."

"Lás í hjólageymsluna - það er ólæst og mikið af innbrotum. Lélegt aðgengi að bílastæðum (getur verið erfitt að finna bílastæði)."

"Mætti vera strangara með húsreglurnar. Kannski myndavél á dyrasímanum."

"Bílastæðin svolítið fá."

"Mjög ánægð með ráðgjöfina."

”

”

"Blöndunin er mjög furðuleg. Blanda með fatlað fólk, einstæðar mæður og eldra fólk. Finnst þetta ekki alveg passa saman."

"Samsetning á íbúum ekki alltaf viðeigandi og hentug. Ungar stelpur með börn og eldri menn- mjög spes pæling. Margar kvartanir yfir einum sérstaklega."

"Of fáir ráðgjafar með allar þessar konur. Mikil vinna fyrir þær. Annars ánægð og líður vel."

"Fólk með svona mikla erfiðleika í sama húsi er erfitt- veikindi annarra getur haft áhrif á búsetuna þarna. Ekki setja alla í sömu blokkuna. Skil fjölbreytni sjónarmiðið en kannski mætti velja betur inn í blokkina."

”



Teymi árangurs- og gæðamats  
Velferðarsviði  
Höfðatorg, Borgartún 12-14  
105 Reykjavík